

## Stefna Samfylkingarinnar í málefnum tónlistarfræðslu

Við þökkum fyrir að fá að kynna á „musik.is“ þann hluta stefnu okkar fyrir þingkosningarnar sem lýtur að tónlist og tónlistarfræðslu. Til grundvallar liggur menningarstefna sem flokksmenn samþykktu á landsfundi Samfylkingarinnar. Í menntastefnu flokksins er einnig fjallað um málefni tengd menningu og listum, svo sem um listnám.

Samfylkingin vill:

- \* Að ríkið fjármagni listnám á framhaldsstigi, þar á meðal tónlistarnám. Með því linnir þeirri deilu sem staðið hefur undanfarin ár milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnunina, tónlistarnemum og listgreininni sjálfri til mikils skaða. Við lítum svo á að eftir nýlegt álit umboðsmanns Alþingis sé ljóst að brotið hefur verið á tónlistarnemum, og að ríkisvaldið hljóti að bregðast við.
- \* Leggja áherslu á menntun listkennara og kjör þeirra. Breytingar að undanfögnu hafa leitt til þess að hljóðfærakennarar eru færri en áður. Sú þróun getur ekki haldið áfram og því þarf að athuga hvernig haldið verður uppi öflugu námi í hljóðfærakennslu, sem verið hefur aðal íslenskra tónlistarskóla allt frá því að hinn framsýni ráðherra jafnaðarmanna, Gylfi Þ. Gíslason, skapaði tónlistarskólum traustan grundvöll með lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla frá árinu 1963.
- \* Efla almenna tónmenntakennslu í grunnskólum. Nemendur í grunnskóla eiga rétt á lögboðinni tónmenntakennslu en skortur á kennurum stendur þar í vegi. Umbætur á þessu sviði þurfa bæði að beinast að skilgreiningu tónmennta í aðalnámskrá og skipulagi kennaramenntunarinnar. Tónmenntakennsla er mikilvægur liður í því að kynna tónlist fyrir öllum börnum og vekja áhuga þeirra.
- \* Efla Tónlistarsjóð og dreifingar- og sölustarf Íslenskrar tónverkamiðstöðvar. Stofna sjóð tónlistarmanna, Gróskusjóð, sem stuðli að grósku og nýsköpun í grasrótinni. Kanna þátttöku ríkisins í miðstöð til stuðnings og samhfingar fyrir nýgilda og sígilda tónlist í samvinnu við sveitarfélög og frumkvöðla.
- \* Efla rannsóknir og listmenntun með því að allar menningarstofnanir á fjárlögum hafi menntunarhlutverk og helgi sig að hluta til menningarstarfi og listmenntun barna og unglunga.
- \* Breyta opinberri námsaðstoð, m.a. þannig að 30% námslána verði styrkur að loknu námi, og að skólagjöld í grunnnámi á háskólastigi erlendis verði lánshæf.

Meðal atriða í menningarstefnu og í menntastefnu Samfylkingarinnar má nefna stuðning við nýtt húsnæði fyrir Listaháskólann, og að gera honum kleift að bjóða kennslu í sem flestum listgreinum, efla starfslaunasjóðina sem hafa staðið í stað í rúman áratug, og að rýmka skattívilnanir vegna framlags til menningar og lista.

Sjá menningarstefnu Samfylkingarinnar í ritinu **Frjóa Ísland**:

- [http://xs.is/media/files/samfylk\\_frjoa\\_island.pdf](http://xs.is/media/files/samfylk_frjoa_island.pdf)